

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 145/2021

2024/EES/7/15

frá 23. apríl 2021

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1000 frá 9. júlí 2020 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð (ESB) nr. 1253/2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun loftræstieininga ⁽¹⁾.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 6l (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1253/2014) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32020 R 1000:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1000 frá 9. júlí 2020 (Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 105).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 26m (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1253/2014) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„— **32020 R 1000:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1000 frá 9. júlí 2020 (Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 105).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/1000, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. apríl 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 105.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.